

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað árið 1951.

Skógurinn: Skógarhögg fór fram aðallega á Vörðuhrauni, framan við Atlavík, neðan þjóðvegarins og utan við Atlavíkurmyri. Einnig var dálítid höggið sunnan við Króklæk og í Ljósárkinn, Mörkinni og Partinum. Ennfremur á svæðinu hjá Kerlingarmel, nálægt þar sem lerki var gróðursett í vor. Í yfirlitsskýrslunni um skógarhöggið var greint hve mikil var höggið á hverjum skógarsteig. Skal það í stórum dráttum endurtekið hér.

<u>Skógarsteigur.</u>	<u>Eldiviður.</u>	<u>Efniviður.</u>	
	Hestburðir.	stk.	kg.
Nr.1 Ljósárkinn	10.00		500
- 2 Vörðuhraun	323.00		150
- 3 Sv. milli Atlavíkurlækjar og Kerlingarár.	104.50		300
- 4 sv. milli Kerlingarár og Staðarár.	103.50	230	365.00
- 5 Hólar	10.00	60	
- 8 Partur	45.00	280	93
<u>Alls.</u>	<u>596.00</u>	<u>570</u>	<u>1407</u>

Pess mikil getið að í yfirlitsskýrslunni um skógarhöggið voru höggnir girðingarstaurar taldir 770 stk., en eiga að vera 570 stk., eins og hér að ofan greinir. Um áramót var lítil liggjandi af viði í skóginum, nema girðingarstaura, þeir voru allir liggjandi, eða um 600 stk. Eldiviður eftir í skóginum um áramót nemur um 50 hestb. Væntanlega verður hægt að selja alla girðingarstaurana undir vorið og ættu þeir að greiða hallann á skógarhögginu.

Með tilliti til þess að gróðursett yrði á þeim svæðum þar sem höggið fór fram, var grisjað mikil og mynni heppilegt að planta greni- og furutegundum á þessum svæðum. Þau tré, sem nú standa á svæðunum eru hæfilett skýli fyrir þessar tegundir fyrstu árin, meðan vöxtur er hægur, en björkin verður fjarlægð smáum saman, þegar barrtrénvaxa upp og mynda skjól af sjálfdábum, er þeim nægir til frekari vaxtar.

Frævöxtur á birki í skóginum var dálítill, en aðeins á einstaka trjám. Var safnað 4 kg. Reynitré hér í skóginum báru lítid fræ, nema nokkur tré í Mörkinni. Safnað var reynifræi í görðum, t.d. á Hrafnkellsstöðum, Bessastöðum og víðar, eða alls um 25 kg. af berjum.

Skógar- eða birkimaðkurinn lá nú að mestu niðri, þó varð hans vart framan af sumri, en gerði ekki teljandi skáða.

Skógurinn laufgæðist 2. júnði, og lauffall varð 1.-5. október. Vaxtartíma birkisins má því telja ca. 120 daga.

Ársvöxtur á birki var lítill. Lengstu árssprotar urðu Sala skógarafurð var meiri en í fyrra. Var eldiviður seldur á 150 kr. fyrridart ársins, en 200 kr. pr. tonn síðari hluta þess. Efniviður var seldur 200 kr. pr. 100 kg. Þetta verð gerði þó ekki betur en borga vinnu við höggið. En ef hægt er að selja þá girðingarstaura sem til eru, mátti að fáast að mestu upp í kostnaðinn. Girðingarstaurar voru seldir aðeins ráir og á 4.00 kr. hver. En ég mun hækka verðið á þ.á. (1952)

Skógargirðingin: Sem búast mátti við var girðingin allmikið sligin og slitin eftir hinn snjóþunga vetur. En þó minna en ætla mátti. Mun það einkum að þakka því hve snjóinn seig hægt, þar sem engin þýða kom allan veturinn frá nýári og framúr.

Hagagirðing Húsmæðraskólans þurfti einnig allmikillar viðgerðar. Kostnaður við viðhaldigirðinganna varð allmikill.

### Vöxtur barrtrjál í skóginum.

#### I. Mörkin.

Blágreni. Aldur 15 ár. Ársvöxtur mældur í einni röð í cm. 14-13-11-14-8-16-13-13-3-9-12-17-15-21-11-11-10-2-17-10-9-19-16-18-9-8-15-10-11-19-10-12-12-16-9-13-10- cm. Hæsta tré 1.90 m.

Fjallabynur (Abies laccinearpa) Aldur 15 ár. Ársvöxtur mældur í einni röð, reyndist: 15-11-15-11-10-15-22-26-cm. Hæsta tré 1.70 m.

Sitkagreni. Aldur 14 áz. Ársvöxtur mældur í einni röð og sýnir: 9-9-21-13-20-27-12-15-12-7-8-17-3-19-21-17-18-10-13-12-12-7-19-14-7-4-12-9-8-10 cm.

Lerki. Aldur 29 ár. Ársvöxtur 20-60 cm.

Blágreni - 45 - - - 30-45 -

Rauðgreni - 30 - - - 33-50 -

#### 2. Atlavík.

Skógarfura. Aldur 10 ár. Mældur árssvöxtur í einni röð í cm. 6-18-12-11-13-17-10-16-23-7-13-14-9-20-13-17-14-13-17-20-7-16-20-10-9-22-24-7-8-20-14. Hæsta tré var 1.70 m.

Centortafura. *Pinus contorta*: Ársvöxtur mældur í einni röð í cm. 23-18-10-21-18-20-24-23-25-20-19-16-27-14-18-17-19-26-22-30-18-19-10-30-15-28-19. Aldur 12 ár. Hæsta tré 1.90 m.

x Douglasgreni: Ársvöxtur mældur í einni röð í cm. 13-23-13-11-11-20-17-20-16-21-23-14-29-16-23-16-10-20-12 cm. Hæsta tré 1.44 m. Aldur 11 ár.

Hvítgreni: Ársvöxtur mældur í einni röð í cm. 14-24-4-24-15-10-16-5-13-15-17-9-18-6-11-12-12-3-7-12-13-14-17-5. Hæsta tré 1.78 Aldur 11 ár.

Lerki. *Larix sibirica*, frá Arkangelsk. Aldur 28 ár. Ársvöxtur er frá 25-65 cm. Einstaka tré höfðu væxið um 80 cm.

### 3. Framan við Króklæk.

Blágreni, eða engelmanngreni: Aldur 15 ár. Ársvöxtur mældur í einni röð í cm. 12-9-13-23-23-12-3-18-9-12-6-20-15-12-18-14-6-11-15-23-9-9 cm. Hæsta tré 3.20 m., en það er alger undantekning, því mest hæsta tréð nær aðeins 1.75 m.

### 4. Við Jökullæk.

Lerki. (*Lazix sibirica*), frá Arkangelsk: Ársvöxtur 30-70 cm. Einstaka árssprotar sýna þó 80-82 cm.

Við samanburð við tölut frá 1950, sést að hæðarvöxtur hefur verið yfirleitt meiri í sumar leið, og tréin standa nú með blóma. Lús er því nær engin á skógarfuru, enda voru smá-funnurnar í Atlavík úðaðar með nikótíni.

### Veturfar og hits og úrkumumælingar.

Árið byrjaði hardindalega. Frost höfðu verið mikil á Jólaföstuunni. Eigi tók betra við er kom fram um áramót. Tók að snjóá mikil milli þrettánda og þorra. Lagði þá Lagarfljót allt upp í botn, en það er sjaldgjæft svo snemma, því fljótið er mjög djúpt fyrir ogan Hafursá. Leggur það því sjaldan fyrr en á þorra eða góu. Veturinn var mjög kaldur og snjóþungur, svo sem skráð varður í annál ársins 1951. Snjór var þó miklu minni hér en utar á Héraðinu. Var snjódýpi hér í skóginum um 80 cm. neðan til, en 130-150 cm, ogan til. Í skóginum er snjórinn jafnfallinn að mestu nema í rjóðrum. Voríð kom seint. Vinna í gróðrastöðinni gat ekki hafist fyrr en 17 maí. Aprílmánuður var óvenjulega kaldur, en í maí hlýnabi vel, og tók snjóinn mjög megt, en frost var á móttum framan af maí. Sumartíð var sæmileg fram í ágúst, en mjög vætu-samt í ágúst og september og sá þá sjaldan til sólar. Haustið var

fremur milt og var jörð frostlítill fram í desember. Þram til áramóta var tíð fremur miln.

Hiti og úrkumumagn í hverjum mánuðu sem hér segir:

	<u>Hiti</u>	<u>Úrkoma</u>
Janúar	± 3.2° C	325 m.m.
Febrúar	± 1.7 -	107.9 - -
Marz	± 4.6 -	46.6 - -
Apríl	± 2.5 -	84.9 - -
Mai	7.1 -	12.9 - -
Júní	9.3 -	12.7 - -
Julí	10.8 -	034.8 - -
Ágúst	10.0 -	52.3 - -
September	8.0 -	83.0 - -
Október	6.2 -	82.3 - -
Nóvember	0.9 -	37.6 - -
Desember	: - 0.8 -	164.0 - -

Áðursend skýrsla um daga með 20 gráður og þar yfir sýnir aðeins 7 daga er hiti mældist svo mikill.

Fyrsta frost að haustinu var 19/9 ± 3.2 gráður C.

Síðasta frost að vorinu var 24/5 ± 3.0 - -

Mestur hiti varð 13/7 22 gráður

Minnstur hiti 24/2 ± 16/6 gtáður.

Meðalhiti sumars júní- september var 9.7 gráður.

Mælingar í desember eru ekki komnar inn á skýrluna, en verða sendar bráðlega.

#### Græðireiturinn.

Sáning. Þessum tegundum og magni var sáð:

#### Lauftré.

Birki	9 kg,	frá Skaptafelli og Hallormsstað.
Reynir	55 -	frá Hallormsstað og Ranaskógi.
Askur	0.5 -	frá Troms.

#### Barrtré.

Lerki	1.000 kg.	frá Hakaskoja 1947.
Skógarfura	3.000 -	- Innhavet 1947.
Sítrægreni	1.000	Hámer 1947

Sitkagreni	4.500	kg.	Frá Seward	1950.
Engelm.gr.	1.000	-	- Colorado	
Blágreni	0.300	-	- - - -	
Hvitgreni	0.500	-	- Moose Pass	1950.
Nobilisgr.	0.100	-	- Colorado	1950.
Fjallapöll	0.500	-	- Mecleod	1950.

Dreyfsettar voru, þessum tegundum og tölu:

Lauftré:

Björk	2/0	29700	
Reynir	1/2	2500	
-	2/0	<u>2000</u>	34200

Barrtré:

Lerki	2/0	20290	
-	1/0	<u>25700</u>	45990 stk.
Kauðgreni	2/0	98500	98500 -
Sitkagreni	2/0		8900 - 153390

3. Græðlingar.

Píngvíðir	4000		
Gulvíðir	1000		
Ribs	3000		
Alaskaösp	<u>1150</u>		9150
		Alls	196740 stk.

Plöntur í græðireitnum til dreyfsetningar vorið 1952:

Björk	2/0	ca.	40000
Reynir	1/0	ca.	5000
Lerki	2/0	ca.	88000
Rauðgreni	3/0	ca.	80000
Skógarfura	2/0	ca.	45000

Alls: 250000 plöntur.

Söluhæfar plöntur n. vor (1952:)

I. Lauftré

Björk	2/2	37000	
do	2/0	<u>20000</u>	57000

Reynir	1/2 2/2	10000	
Hingvibir	2ja ára	1000	
- -	1 árs	2000	
Gulvibir		1000	14000
			Alls: 71000

2. Barrtré.

Sitkagreni	3/2	6000	
-	2/2	<u>5000</u>	11000
Hvitgreni	2/2		2000
Svartgreni	2/3		900
Ramðgreni	3/0		5000
Skógarfura	3/0	<u>15000</u>	<del>15000</del>
-	2/2	1000	19000
Lerki	2/1		<u>8000</u>
			Alls: 45900
			<u>116900</u>
			Alls: 116900

Samkvæmt skýrslu um plöntumagn í gróðrastöðinni 1/9 1951, var ofangreind plöntutala tilgreind. Skýrluna afhenti ég Einari G. Sæmundssen og sannprófaði hann tölurnar í skýrslunni með athugun í reitnum.

Söluhæfar plöntur voru teknar upp í haust, ar reynivib og björk, en barrtré ekki. Til Reykjavíkur voru sendar 9770 reyniplöntur.

Flatarmál fræbeda:

Undir gleri:

Birki	0.4	ferm.
Lerki	4.0	-
Skógarfura	15.0	-
Blágreni	13.0	-
Sitkagreni	23.0	-
Nobilisgr.	5.0	-
Fjallaböll	10.0	-
Alls.	70.4	ferm.

Undir beru lofti:

Birki	414	ferm.
Reynir	105	-
Skógarf.	146	-
Blágreni	32	-
Hvitgreni	30	-
Engelm. gr.	50	-
	792	ferm.

Sala og afhending plantna vorið 1951:

I. Sent Skógrákt ríkisins:

a. Til Reykjavíkur.

1951

-6-

Björk	25850
<u>Reynir</u>	3850
Ribs	280
Píngvíðir	6000
Lerki	20800
Sitkagr.	35625
Rauðgreni	<u>5700</u>
	98105

b. Til Vagla og Eiríki Hjartars.

Lerki	<u>10275</u>	108380
-------	--------------	--------

2. Afhent Skógræktarfélegi Austurlands, til sölu og dreyfingar.

Björk	2702
Reynir	268
Píngvíðir	205
Gulvíðir	485
Ribs	133
Lerki	3458
Sitkagreni	1338
Rauðgreni	328
Skógarfura	<u>578</u>
	9495

3. Afhent Eiðarskóla til gróðursetn í girðingunni á Eiðum.

Björk	1000
Gulvíðir	300
Lerki	500
Sitkagreni	<u>200</u>
	2000

4. Plantap í skóginum:

Lerki	6000
Sitkagreni	800
<u>Rauðgreni</u>	<u>400</u>
	7200
Samtals:	127075

Tegundir og tala þeirra verður í heild þessi:

Björk	29552	Lerki	41033
Reinir	4118	Sitkagreni	37963
Ribs	413	Rauðgreni	6428
Píngvíðir	6205	Skógarfura	578
<u>Gulvíðir</u>	<u>785</u>		

Flyt 41073

1951

-7-

Plöntur frá Skógrækt ríkisins Reykjavík:

<u>Skógarfura</u>	<u>3000</u>
<u>Alaskaösp</u>	<u>5</u>
<u>Alls plöntur úr græðireitnum</u>	<u>127075</u>
<u>- - - frá Reykjavík</u>	<u>3005</u>

Sa, talsl 130080

Áburður borinn á, mó�, sandur og rofamold flutt í græðireitinn:  
Áburður borinn í reitinn var, sem hér segir:

Köfnunarefnisáb. 700 kg.

Fosfórsýra 500 -

Kali 300 -

Alls: 1500 kg.

Búfjáraburður: ca. 14 tonn eða um 140 hestburðir. Mór, rofamold og sandur, sem flutt var í reitinn nam 130 tonnum. Mórið var borinn á um 2000 ferm. af gamal reitnum. Sá hluti lá ónotaður í summar.

Vöxtur og þrif í græðireitnum:

Sumarið var vætusamt, einkum í ágúst. Þurrkar háðu lítið smáplöntum. Vöxtur hinna ýmsu teg. var í fáum orðum: Reynivíður óx vel. Birkiplöntur á 4 ári miðar vel, en birkiplöntur í fræbeðum döfnuðu mjög vel. Lerki óx vel, bæði í fræbeðum og dreyfoplöntubeðum, en þó einkum í þeim. Skógarfura 3/o í fræbeðum dafnaði vel. Á riðsveppi bar talsvert, svo sem venja er til í birkifræbeðum á öðru ári, en honum var haldið í skefjum með Bordeaux-dufti.

Skemmdir eftir veturinn voru einkum á reynivið. Allmiklu af honum, eða um 2000 plöntum varð að flegja af þeim sökum, í furufræbeðum var einnig á kali, en lítið á grenitegundum, nema á sitkagreni dálitið. Yfirleitt má segja að veturinn hafi verið góður fyrir smáplöntur, enda var snjór yfir þeim, því nær aðeðan veturinn.

Byggingar:

Endurbætur fóru fram á íbúðarhúsinu. Torfveggur á norðurhlíð var tekinn burt og pappalagt á timburgrindina og hún þiljuð og veltutorf lagt á milli pappans og timburklæðningar, er negld var utan á grind, úr pappa á timburþiljurnar. Asbestplötur sem klæða átti með voru ófaanlegar, var því endurbótinni ekki lokid. Þak

1951

-8-

Þak á skúrbýggingunni var lagfært.

Ferðalög:

Lítið var um ferðalög á árinu. Í apríl fór ég til Reykjavíkur til viðræðna við skógræktarstjóra. Ónnur ferðalög voru ekki.

Rétt er að gera þess, að skrifstofustörf hafa aukist mikið síðustu árin. Með aukinni starfsemi við plöntuuppeldið, mánaðarlegra reiknisskila og meira mannahalks af þeim sökum, verða skrifstofustörfin umfangsmeiri en áður var, vegar reiknisskil voru gerð áðeins í lok hvers árs. Venandi fer starfsemin vaxandi, enda skortir eigi verkefni.

Hallormsstað 15/1 952

Guttermur Pálsson.